

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/62/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5638 – Huntsman/Tronox Assets).....	1
2009/EES/62/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5672 – Canon/Océ).....	2
2009/EES/62/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5689 – Bominflot/SBI Holding).....	3
2009/EES/62/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5690 – Occidental Petroleum Corporation/Phibro) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	4
2009/EES/62/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5694 – DCC Energy/Shell Direct Austria) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	5
2009/EES/62/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5699 – Adecco/MPS Group).....	6
2009/EES/62/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5705 – Marfrig Alimentos/Seara).....	7

2009/EES/62/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5709 – Volkswagen/MAHAG)	8
2009/EES/62/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5720 – BayernLB/LBLux) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2009/EES/62/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5728 – Crédit Agricole SA/Société Générale Asset Management)	10
2009/EES/62/11	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 29/09 (áður N 503/09) – HSH Nordbank AG – Þýskaland – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	11
2009/EES/62/12	Ríkisaðstoð – Danmörk – (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 58/07 (áður N 240/07) – Danmörk – Breytingar á gildandi kerfi tonnatöluskatts	11
2009/EES/62/13	Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Ríkisaðstoð – Pólland – (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 32/08 (áður N 909/06) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu C. Hartwig-Katowice.	12
2009/EES/62/14	Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Ríkisaðstoð – Tékkland – (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 19/07 (áður N 32/07) – Aðstoð sem stjórnvöld í Tékklandi hugðust koma í framkvæmd með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að útlánatryggingum til skamms tíma hjá Export Guarantee and Insurance Corporation (EGAP).	12
2009/EES/62/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Grikkland)	13
2009/EES/62/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Grikkland)	14
2009/EES/62/17	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/17/09 – i2i – Átak á sviði hljóð- og myndefnis	15

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/62/01

(Mál COMP/M.5638 – Huntsman/Tronox Assets)

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Huntsman Corporation („Huntsman“) öðlast með eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þeim eignum bandaríska fyrirtækisins Tronox Inc sem standa undir einhverri veltu, en þær eignir nefnast hér einu nafni „Tronox Assets“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Huntsman: framleiðsla og sala á sérnotaiðefnum og efnavörum á millistigum framleiðslu
 - Tronox Assets: framleiðsla og sala á titantvísýringslitarefni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 283, 24. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5638 – Huntsman/Tronox Assets, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5672 – Canon/Océ)

2009/EES/62/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Canon Inc. öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 16. nóvember 2009, að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Océ N.V.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Canon: þróun, framleiðsla og sala á myndtæknibúnaði fyrir almennan markað og til atvinnunota, m.a. ljósritunarvélum, prenturum, myndavélum, skönnum, lækningatækjum, búnaði til framleiðslu á hálfleiðurum og öðrum vörum
 - Océ: þróun, framleiðsla og sala á stafrænum prentkerfum, hugbúnaði og þjónustu í tengslum við gerð, afritun, dreifingu og umsýslu skjala í atvinnuskyni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 283, 24. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5672 – Canon/Océ, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5689 – Bominflot/SBI Holding)

2009/EES/62/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Bominflot Bunkergesellschaft für Mineralöle mbH & Co KG („Bominflot“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu SBI Holding B.V. („SBI“) sem lýtur nú yfirráðum hins hollenska Seatrade Holding B.V.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bominflot: i) afhending skipaolíu (svartolíu) um borð í haffær skip, ii) sala á smurolíu, iii) sala á skipagasolíu, iv) viðskipti með svartolíu, v) rekstur tankstöðva og pramma
 - SBI: i) sala á svartolíu og smurolíu, ii) viðskipti með svartolíu og smurolíu, iii) sala á skipagasolíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 285, 26. nóvember 2009). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5689 – Bominflot/SBI Holding, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

(¹) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/62/04****(Mál COMP/M.5690 – Occidental Petroleum Corporation/Phibro)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Occidental Petroleum Corporation („Occidental“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Phibro LLC.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Occidental: olíu- og gasleit og olíu- og gasvinnsla; framleiðsla og sala á ýmsum efnavörum
 - Phibro: viðskipti með olíu, gas, málma, hrávörur og hrávöruafleiður
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 281, 21. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5690 – Occidental Petroleum Corporation/Phibro, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5694 – DCC Energy/Shell Direct Austria)

2009/EES/62/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írska fyrirtækið DCC Energy Ltd („DCC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu Shell Direct Austria GmbH („SDA“) sem lýtur nú yfirráðum Royal Dutch Shell plc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DCC: i) dreifing á hitunarolíu, ökutækjaeldsneyti og brennsluolíu; ii) sala, markaðsfærsla og dreifing á fljótandi jarðolíugasi (LPG); iii) sala og markaðsfærsla á eldsneytiskortum undir tilteknum vörumerkjum
 - SDA: i) dreifing á hitunarolíu fyrir heimili; ii) sala, markaðsfærsla og dreifing á eldsneytisvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 283, 24. nóvember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5694 – DCC Energy/Shell Direct Austria, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5699 – Adecco/MPS Group)

2009/EES/62/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Adecco Inc., dótturfélag hins svissneska Adecco S.A. („Adecco“) og að fullu í eigu þess fyrirtækis, öðlast með yfirtökubóði að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu MPS Group, Inc. („MPS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Adecco: afleysingaþjónusta og almenn ráðningaþjónusta í öllum atvinnugreinum í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Mið-Austurlöndum og Asíu
 - MPS: ráðningaþjónusta á sviði upplýsingatækni, bókhalds og fjármálastarfsemi, lögfræði, verkfræði, markaðsstarfs og skapandi vinnu, fasteignastarfsemi og heilsugæslu í Bandaríkjunum; einnig nokkur starfsemi í ýmsum Evrópulöndum og þá einkum í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 25. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5699 – Adecco/MPS Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5705 – Marfrig Alimentos/Seara)**

2009/EES/62/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem brasilíska fyrirtækið Marfrig Alimentos öðlast með eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í brasilíska fyrirtækinu Seara.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Marfrig Alimentos: framleiðsla á matvælum, einkum úr dýrapróttum
 - Seara: eldi á kjúklingum og svínunum til slátrunar og framleiðsla á nýju kjúklinga- og svínakjöti og unnum vörum úr slíku kjöti í Brasilíu auk útflutnings á kjúklingaafurðum til Evrópu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 281, 21. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5705 – Marfrig Alimentos/Seara, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5709 – Volkswagen/MAHAG)

2009/EES/62/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Volkswagen AG öðlast með kaupum á verðbréfum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu MAHAG Münchener Automobil-Handel Haberl GmbH & Co. KG („MAHAG KG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volkswagen AG: þróun, framleiðsla og sala á fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, auk varahluta og aukahluta
 - MAHAG KG: smásölu dreifing á nýjum og notuðum ökutækjum (fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum), smásölu dreifing á varahlutum í fólksbifreiðar og aukahlutum sem notaðir eru við ýmsa þjónustu í tengslum við ökutæki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 27. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5709 – Volkswagen/MAHAG, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5720 – BayernLB/LBLux)

2009/EES/62/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Bayerische Landesbank AöR („BayernLB“), sem lýtur yfiráðum Frírikisins Bæjaralands, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfiráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu Banque LBLux S.A. („LBLux“) sem lýtur nú yfiráðum BayernLB og hins þýska Landesbank Hessen-Thüringen Girozentrale í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BayernLB: almenn bankaþjónusta og verðbréfaþjónusta, einkum í Þýskalandi
 - LBLux: bankaþjónusta við fyrirtæki og einkabankaþjónusta, auk fjármálamarkaðsþjónustu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 25. nóvember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5720 – BayernLB/LBLux, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/62/10****(Mál COMP/M.5728 – Crédit Agricole SA/Société Générale Asset Management)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Crédit Agricole Group öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í hluta franska fyrirtækisins Société Générale Asset Management („SGAM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Crédit Agricole Group: ein helsta bankasamsteypa í Frakklandi og rekur hvers kyns banka- og fjármálastarfsemi; dótturfélögin Crédit Agricole Asset Management og BFT Gestion sinna eignastýringu
 - SGAM: meginhluti hefðbundinnar eignastýringar Société Générale í Evrópu og Asíu; undanskilin er eignastýringarstarfsemi félagsins á sviði svonefndra óhefðbundinna fjárfestinga í Evrópu (t.d. Lyxor Asset Management) svo og eignastýringarstarfsemi í Kína og Kóreu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 27. nóvember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5728 – Crédit Agricole SA/Société Générale Asset Management, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Þýskaland**2009/EES/62/11****Málsnúmer C 29/09 (áður N 503/09) – HSH Nordbank AG – Þýskaland****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 281, 21.11.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Office: SPA3, 6/5
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Danmörk**2009/EES/62/12****(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)****Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans –
Tilkynning afturkölluð****Málsnúmer C 58/07 (áður N 240/07) – Danmörk – Breytingar á gildandi kerfi
tonnatöluskatts**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 11. desember 2007 í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans ⁽¹⁾ með vísan til þess að stjórnvöld í Danmörku afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 10. febrúar 2009 og hafa ekki áform um framhald á þessu aðstoðarverkefni.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 48, 21.2.2008, bls. 16.

Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu 2009/EES/62/13

Ríkisaðstoð – Pólland

(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð

Málsnúmer C 32/08 (áður N 909/06) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu C. Hartwig-Katowice

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 16. júlí 2008 í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans ⁽¹⁾ með vísan til þess að stjórnvöld í Póllandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 31. mars 2009 og hafa ekki áform um framhald á þessu aðstoðarverkefni.

Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu 2009/EES/62/14

Ríkisaðstoð – Tékkland

(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð

Málsnúmer C 19/07 (áður N 32/07) – Aðstoð sem stjórnvöld í Tékklandi hugðust koma í framkvæmd með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að útlánatryggingum til skamms tíma hjá Export Guarantee and Insurance Corporation (EGAP)

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 27. júní 2007 í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans ⁽²⁾ með vísan til þess að stjórnvöld í Tékklandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 2. júlí 2009 og hafa ekki áform um framhald á þessu aðstoðarverkefni.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 288, 11.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 205, 4.9.2007, bls. 19.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2009/EES/62/15
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	<ul style="list-style-type: none"> – Atena–Astýpalea – Atena–Íkaría – Atena–Leros – Atena–Mílos – Þessaloníka–Kíos – Þessaloníka–Samos – Limnos–Mítilíni–Kíos–Samos–Ródos – Ródos–Karpátos–Kasos–Sítía – Alexandrúpólís–Sítía – Aktíon–Sítía – Atena–Kítíra – Atena–Naxos – Atena–Paros – Atena–Karpátos – Atena–Sítía – Atena–Skíatos – Þessaloníka–Korfú – Ródos–Kos–Leros–Astýpalea – Korfú–Aktíon–Kefalínía–Zakintos – Atena–Kalymnos – Þessaloníka–Kalamata – Atena–Skýros – Þessaloníka–Skýros – Ródos–Kastelorízo
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	13.11.2009
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Hellenic Civil Aviation Authority Directorate General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division – Section II Vas. Georgiou I 16604 Elliniko GREECE</p> <p>Sími +30 2108916149 eða 8916121 Bréfasími +30 2108947132 Vefsetur: http://www.hcaa.gr</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/62/16
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	<ul style="list-style-type: none"> – Atena–Astýpalea – Atena–Íkaría – Atena–Leros – Atena–Mílos – Þessaloníka–Kíos – Þessaloníka–Samos – Limnos–Mítilíni–Kíos–Samos–Ródos – Ródos–Karpatos–Kasos–Sítía – Alexandrúpólís–Sítía – Aktíon–Sítía – Atena–Kítíra – Atena–Naxos – Atena–Paros – Atena–Karpatos – Atena–Sítía – Atena–Skíatos – Þessaloníka–Korfú – Ródos–Kos–Leros–Astýpalea – Korfú–Aktíon–Kefalínía–Zakintos – Atena–Kalymnos – Þessaloníka–Kalamata – Atena–Skýros – Þessaloníka–Skýros – Ródos–Kastelorízo
Samningstími	Frá 1. apríl 2010 til 31. mars 2012
Frestur til að skila tilboðum	61 degi eftir að auglýsingin birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (13.11.2009)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjalds-laust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Hellenic Civil Aviation Authority Directorate General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division – Section II Vas. Georgiou 1 16604 Elliniko GREECE</p> <p>Sími +30 2108916149 eða 8916121 Bréfasími +30 2108947132 Vefsetur: http://www.hcaa.gr</p>

MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf

2009/EES/62/17

Auglýsing eftir tillögum – EACEA/17/09**i2i – Átak á sviði hljóð- og myndefnis****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Ákvörðunin nær meðal annars til stuðnings við framleiðsluverkefni.

Markmiðið með þessum stuðningi er að gera sjálfstæðum framleiðslufyrirtækjum í Evrópu kleift að taka lán í bönkum og fjármálastofnunum með því að samfjármagna hluta kostnaðar við eftirtalda þætti:

- Tryggingar vegna hljóð- og myndefnisframleiðslu: 1. eining – Stuðningur vegna liðarins „Tryggingar“ í kostnaðaráætlun
- Trygging fyrir framleiðslulokum hljóð- og myndverks: 2. eining – Stuðningur vegna liðarins „Trygging fyrir framleiðslulokum“ í kostnaðaráætlun
- Bankafjármögnun vegna framleiðslunnar: 3. eining – Stuðningur vegna liðarins „Fjármagnskostnaður“ í kostnaðaráætlun

2. Hlutgengi

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum, einkum sjálfstæðra framleiðenda hljóð- og myndefnis.

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins,
- einu ríkjanna sem fullnægja skilmálunum sem settir eru í 8. gr. ákvörðunar nr. 1718/2006/EB, en meðal þeirra eru Sviss og Króatía.

3. Styrkhæf starfsemi

Um allt hljóð- og myndefni, sem sótt er um styrki fyrir, gildir

- að það verður að vera leikin mynd, teikni- eða brúðumynd eða skapandi heimildamynd sem framleidd er á vegum fyrirtækja sem eru skráð í einu ríkjanna sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni,
- að framleiðsla þess verður að fela í sér umtalsverða þátttöku fagfólks sem hefur ríkisborgararétt eða búseturétt í ríkjunum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni.

Hámarks lengd verkefna er 30 mánuðir.

Þessi auglýsing eftir tillögum varðar verkefni sem hefjast milli 1. júlí 2009 og 7. júlí 2010.

4. Viðmið við úthlutun

Styrkhæfar umsóknir verða metnar til stiga samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

- Verkefni sem njóta styrkja til þróunar samkvæmt MEDIA-áætluninni, þ.e. stök verkefni í stórum löndum og/eða verkefnaraðir í löndum þar sem framleiðslugeta á sviði hljóð- og myndefnis er lítil: 10 stig
- Verkefni sem njóta góðs af fjármögnunarsamningi: 10 stig

- Verkefni í löndum sem þar sem framleiðslugeta á sviði hljóð- og myndefnis er lítil: 10 stig
- Verkefni í nýju aðildarríkjunum og ríkjum sem bíða aðildar: 5 stig
- Verkefni sem hafa sérstakan „Evrópuþátt“: framleiðslan er á vegum fleiri en eins ríkis sem á aðild að MEDIA-áætluninni: 3 stig

Að teknu tilliti til fjárveitingar verður styrkjum úthlutað til þeirra verkefna sem hljóta flest stig samkvæmt ofangreindu.

Eftirtalið viðmið verður látið ráða hafi tvö eða fleiri verkefni hlotið jafnmörg stig að loknu ofangreindu mati:

- Framleiðsla á vegum fleiri en eins ríkis sem á aðild að MEDIA-áætluninni: 1 stig fyrir hvert land

Að teknu tilliti til fjárveitingar verður styrkjum úthlutað til þeirra verkefna sem hljóta flest stig samkvæmt ofangreindu.

Eftirtalið viðmið verður látið ráða hafi tvö eða fleiri verkefni hlotið jafnmörg stig að loknu ofangreindu mati:

- Líkur á árangursríkri dreifingu erlendis: 0–5 stig

5. Fjárveiting og lengd verkefna

Fjárveiting nemur alls 3 milljónum evra. Fjárframlagið má ekki vera umfram 50 %–(60 %) af styrkhæfum kostnaði. Veittir verða styrkir að fjárhæð 5 000–50 000 evra. Hámarksstyrkur er 50 000 evra fyrir hvert verkefni.

6. Umsóknarfrestur

Senda ber umsóknir eigi síðar en:

- 5. febrúar 2010 vegna verkefna sem hefjast milli 1. júlí 2009 og 5. febrúar 2010,
- 7. júlí 2010 vegna verkefna sem hefjast milli 1. janúar 2010 og 7. júlí 2010.

Umsóknir skulu sendar á eftirfarandi pósthfang:

Education Audiovisual and Culture Executive Agency
Call for Proposals EACEA/17/09
Mr. Constantin Daskalakis
BOUR 3/30
Avenue du Bourget 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær séu á réttum umsóknareyðublöðum, rétt útfylltum og dagsettum, og beri undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Leiðarvísir vegna auglýsingarinnar og umsóknareyðublöð má finna á eftirfarandi slóð á lýðnetinu:

http://ec.europa.eu/information_society/media/producer/i2i/index_en.htm

Umsóknir skulu gerðar samkvæmt umsóknarleiddbeiningum fyrir þessa auglýsingu og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.